

Umbótaáætlun Vopnafjarðarskóla 2019 - 2020

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<p>3. bekkur LOGOS Betri árangur í lestri</p> <p>Meiri lestrarhraði lesskilningur og stafsetning</p>	Niðurstöður úr LOGOS skimunum þyrftu að vera betri.	<p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í stafsetningu.</p> <p>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika. Sérkennsla 4 - 5x í viku- Léttlestrarbækur, hugtakaskilningur og orðaforði með verkefnum <i>Fjórir í fókus</i>, þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni, <i>Lesum lipurt</i>, PALS – þjálfun í leshraða og lesskilningi.</p> <p>Lestur í skólanum og heima alla daga.</p>	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari, sérkennari.	Haustönn 2019	
<p>6. bekkur LOGOS Árangur í lestri</p> <p>Betri árangur í lestri í 6. bekk</p>	Niðurstöður úr LOGOS skimunum þyrftu að vera betri.	<p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í lestri, lesskilningi og stafsetningu.</p> <p>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika. Sérkennsla Fimm sinnum í viku- <i>Lesum lipurt</i>, þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni, PALS (leshraði og lesskilningur).</p>	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari, sérkennari.	Haustönn 2019	
<p>9. bekkur LOGOS Árangur í lestri</p> <p>Betri árangur í lestri í 9. bekk</p>	Niðurstöður úr LOGOS skimunum þyrftu að vera betri.	<p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í lestri, lesskilningi og stafsetningu.</p> <p>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika. Sérkennsla Nemendur sem eru með undir 15 fá sérkennslu að minnsta kosti tvisvar í viku. Unnið er markvisst með lestur í bekknum, (lestrarkassinn – mismunandi þyngdarstig) og þjálfun í stafsetningu sem nýtist öllum nemendum og <i>Lestu nú</i>.</p>	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari og sérkennari.	Haustönn 2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
Lesfimi MMS próf í janúar 2019	Heimalestri þarf að sinna betur og kennarar þurfa að hafa meira eftirlit.	Allir nemendur skólans eiga að lesa heima á hverjum degi en misjafnt er hvort að því sé fylgt. Leggja þarf meiri áherslu á heimalesturinn með ýmsu móti, t. d. með því að hringja heim ef að lágmarks lestri á mánuði er ekki náð þar sem ekki virðist nóg að skrá það í heimalestursbækur eða senda póst. Mikilvægt er að allir nemendur sem eru undir viðmiði 1 lesi daglega í skólanum og ákveðinn aðili sjái um það hjá öllum hópnum.	Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslenskukennari og sérkennari.	Haust 2019	
3. og 6. bekkur Talnalykill	Nemendur þurfa að tileinka sér reikniaðgerðir betur.	Nauðsynlegt er að fylgjast með þeim sem eru undir viðmiðunarmörkum. Þjálfar þarf þær aðferðir sem koma verst út. Heimanám þarf að vera markvisst, gott er að nota <i>Æfingaheftið</i> í það.	Stærðfræðikennari, umsjónarkennari og sérkennari.	Haust 2019	
Einsaklingsnámskrár	Nemendur sem fylgja ekki almennri námskrá fá einstaklingsnámskrá. Misbrestur er á gerð einstaklingsnámskráa.	Þurfum að vera duglegri að vinna einstaklingsnámskrár. Stuðningur við eldri nemendur er á réttri leið en mætti vera meiri.	Umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara.	Haustönn 2019	
Tölvur	Aðgengi nemenda á yngsta stigi að fartölvum mætti vera betra þannig væru þær betur nýttar.	Aðgengi nemenda á yngsta stigi að fartölvum hefur ekki verið nógu gott en verður vonandi betra með nýrri tölvukosti.	Skólastjórnendur.	Janúar 2020	
Haustferðir	Mikilvægt að fara fyrir í haustferðir áður en veður fer kólnandi. Nauðsynlegt að vera í stígvélum eða góðum skóm yfir Nýpsháls vegna bleytu.	Féllu niður þetta árið. Passa þarf að ekki gleymist að fara í haustferðir.	Skólastjórnendur, umsjónarkennarar.	Haust 2019	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
Foreldrafundur að hausti Að kynna skóla- starf og náms- fyrirkomulag	Það var misgóð mæting hjá foreldrum.		Umsjónarkennarar.	Haust 2019	
Þorablót eldri	Það þarf einhver ákveðinn aðili að sjá um að skipuleggja þorablótið með nemendum. Ábyrgðin þarf að vera meira hjá nemendum og gera þeim grein fyrir því að það eru þeir sem halda þorablótið og kennarar eru þeim til aðstoðar.	Viðurkenningar erfiðar í framkvæmd, sumum er ætlað að fá „alvöru“ og öðrum „grín“. Vantar undirspil í fjöldasöng. Nauðsynlegt er að leiðbeina þjónunum (8.b.). Gott væri að útbúinn væri gátlisti fyrir krakkana til að auðvelda undirbúning.	Kennarar, nemendur.	Janúar 2020	
Skíðaferð 9. b.	Skipuleggja tímanlega.	Var ekki 2018 – 2019. Farið verður í skíðaferð með 9. og 10. bekk 2020.	Skólastjórnendur.	Vor 2020	
Mentor Auka upplýsinga- streymi milli heimilis og skóla.	Skráning í Mentor verður að vera markviss.	Stundvísi og aðra ástundun þarf að skrá reglulega og vantar svólítið upp á það. Hugmyndin er góð en kerfið er flókið og ferlið mjög tímafrekt.	Skólastjórnendur og kennarar.	Vetur 2019/2020	
Olweus	Það vantar verkefnisstjóra og teymi.	Við megum gera meira úr deginum án þess að allur dagurinn sé undir.	Skólastjórnendur.	Haust 2019	
Upplstrarkeppni	Litla upplstrarkeppnin var haldin of seint, þarf að halda hana í apríl.	Þegar um er að ræða samkennsluhóp í íslensku er erfitt að koma undirbúningi við og er þá gott að annar kennari komi að æfingunum.	Skólastjórnendur.	Vetur 2019/2020	
Vordagar Útivera og kynning á Unicef	Góðgerðadag Unicef þarf að kynna fyrir fyrir foreldrum og nemendum.	Mætti skoða að hafa daginn fyrir í maí. Skólaakstur var kl. 9 og heim aftur kl. 13, gott fyrirkomulag.	Skólastjórnendur.	Vor 2020	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
<p>Læsi</p> <p>Að nemendur geti nýtt sér fjölbreytt efni til læsis s.s. bækur, tölvur og myndmál</p> <p>Að eiga gott samstarf við heimili um lestur barna</p>	<p>Vantar betra að aðgengi að fartölvum fyrir yngsta stig.</p> <p>Tæknivandamál geta dregið úr notkun á tölvum.</p> <p>Sumir nemendur eru ekki látnir lesa heima.</p>	<p>Aðgengi nemenda á yngsta stigi að fartölvum hefur ekki verið nógu gott en verður vonandi betra með nýrri tölvukosti. Ekki er boðið upp á val á elsta stigi í margmiðlun. Mjög mikilvægt væri ef einhver starfsmaður hefði yfirumsjón með öllum tölvubúnaði. Setja þarf reglur um umgengni og frágang á tölvum og fylgihlutum þeirra.</p> <p>Styðja þarf betur þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með að lesa heima. Gott væri að taka einnig saman hversu oft nemendur í 4. og 5. bekk lesa heima í mánuði og í skólanum. Finna þarf aðferð til að halda utan um lestur elstu nemendanna. Hvetja þarf nemendur til aukins lesturs. Misbrestur er á því hvort yndislestri er sinnt á elsta stigi.</p>	<p>Skólastjórnendur.</p> <p>Skólastjórnendur, kennarar og heimili.</p>	<p>Skólaárið 2019-2020</p> <p>Haustönn 2019</p>	
<p>Sjálfbærni</p> <p>Að auka námsráðgjöf við nemendur á öllum stigum</p> <p>Að vekja nemendur til umhugsunar um endurnýtingu og verðmæti hluta</p> <p>Að nemendur komi fram af virðingu, og tillitssemi við alla í kringum sig</p>	<p>Námsráðgjöf mætti vera meiri á yngsta- og miðstigi.</p> <p>Við erum ekki nógu dugleg að vinna með endurnýtingu. Nemendur ganga ekki nógu vel um námsgögn.</p> <p>Samskiptavandamál af einhverju tagi eru á öllum skólastigum.</p>	<p>Æskilegt væri að skólinn væri í meiri tengslum við atvinnulífið.</p> <p>Endurnýta þarf pappír betur, passa að prenta báðum megin og ljósrita á blöð sem má nota aftur. Vinna mætti meira með endurvinnslu og sköpun út frá henni. Nemendur þurfa að vera meðvitaðri um matarsóun.</p> <p>Vinna þarf meira með samábyrgð nemenda svo þeir átti sig betur á því hvernig eigin hegðun hefur áhrif á heildina. Þar mætti m. a. vinna með þætti eins og virðingu, tillitssemi, nýtingu og nægjusemi.</p>	<p>Skólastjórnendur.</p> <p>Skólastjórnendur og kennarar.</p> <p>Skólastjórnendur og kennarar.</p>	<p>Skólaárið 2019-2020</p> <p>Skólaárið 2019-2020</p> <p>Skólaárið 2019-2020</p>	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
Umhverfisvernd	Lítill sem engin útikennsla er við skólann. Vettvangsferðir ættu að vera umfangsmeiri í skólastarfinu. Haustferðir féllu niður í haust, 2018.	Nemendur þurfa að gera sér betur grein fyrir sínum eigin vistsporum.	Skólastjórnendur og kennarar.	Haustönn 2019	
Endurvinnsla	Við þurfum að endurnýta pappír betur. Nemendur ekki nógu meðvitaðir um matarsóun.	Passa að prenta báðum megin á pappír og ljósrita á blöð sem má nota aftur. Vinna mætti meira með endurvinnslu og sköpun út frá henni. Fræða nemendur um matarsóun.	Umsjónarkennarar.	Haustönn 2019	
Samábyrgð í samfélagi	Í samfélagsfræði og lífsleikni eru umræður þar sem rætt er um hver ábyrgðnemenda er og hvaða áhrif þeir geti haft á sitt samfélag. Skólinn tekur þátt í skóla-verkefni UNICEF.	Vinna þarf meira með samábyrgð nemenda svo þeir átti sig betur á því hvernig eigin hegðun hefur áhrif á heildina. Þar mætti m. a. vinna með þætti eins og virðingu, tillitssemi, nýtingu og nægjusemi. Nemendur þurfa að gera sér betur grein fyrir sínum eigin vistsporum.	Umsjónarkennarar.	Haustönn 2019	
Jafnrétti					
Að vekja nemendur til umhugsunar um jafnrétti	Nemendur eru ekki nógu meðvitaðir um jafnrétti.	Við þurfum að efla fræðslu um jafnréttismál.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Að fræða nemendur um kynlíf og kynhneigð út frá þroska nemenda hverju sinni	Vantar meiri fræðslu. Hætt er við að það vanti samfellu í fræðslu um kynlíf og kynhneigð þar sem þessi þáttur er bæði á höndum skóla og skólahjúkrunarfræðings.	Fræðsla um kynlíf og kynhneigð, þarf að vera markvisst inni í Við þurfum að gera tungumál nemenda af erlendum uppruna sýnilegri.	Skólastjórnendur, kennarar og skólahjúkrunarfræðingur.	Skólaárið 2019-2020	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
Að fræða nemendur um tungumál allra nemenda skólans	Nemendur eru ekki nógu meðvitaðir um að sumir nemendur skólans eiga fleiri en eitt móðurmál.	Þyrftum að kynna menningu og siði nemenda og starfsfólks skólans af erlendum uppruna. námskrá.	Umsjónarkennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Að þjálfa nemendur á ólíkum aldri í að vinna saman	Yngri nemendur eru oft óöruggir gagnvart eldri nemendum þar sem þau þekkja þá ekki.	Gott væri ef elstu börn leikskóla kæmu heilan dag í skólann að vori. Gott væri að koma aftur á vinabekkjum til blöndunar aldurshópa. Vinna þarf með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og kynna nemendum bæði réttindi og skyldur.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Lýðræði og mannréttindi					
Að nýta nemendaráð betur sem rödd nemenda og útbúa starfslýsingu fyrir nemendaráð	Nemendaráð er einungis að starfa í tengslum við félagsmiðstöðina. Ekki er til starfslýsing fyrir nemendaráð.	Nýta mætti nemendaráð betur sem rödd nemenda. Útbúa þarf starfslýsingu fyrir þá nemendur sem eru í nemendaráði. Það kemur bæði til með að nýttast nemendunum sjálfum og starfsfólki skólans.	Skólastjórnendur.	Haust 2019	
Að nemendur eigi fulltrúa í ákveðnum nefndum innan skólans	Ekki er nógu vel farið eftir þessu.	Efla vinnu og vitund nemenda um ýmis málefni sveitarfélagsins. Vinna með málefni heimabyggðar með markvissum hætti, fá tækifæri til að koma með tillögur sem gætu bætt samfélagið.	Skólastjórnendur.	Haust 2019	
Nærsamfélagið	Nemendur eiga fulltrúa í ungmennaráði sveitarfélagsins.	Efla vinnu og vitund nemenda um ýmis málefni sveitarfélagsins. Vinna með málefni heimabyggðar með markvissum hætti, fá tækifæri til að koma með tillögur sem gætu bætt samfélagið.	Skólastjórnendur.	Haust 2019	
Að halda reglulega bekkjarfundi	Hætt er við að bekkjarfundir sitji á hakanum ef mikið er að gera. Samskipti nemenda eru ekki nógu góð.	Vinna þarf markvisst með bekkjarfundarformið svo að það skili tilætluðum árangri. Nota bekkjarfundi á markvissari hátt til þess að hjálpa nemendum að tjá sig og taka ábyrgð á því hvernig þeir koma fram við aðra. Fá fagaðila til vera með fræðslu.	Umsjónarkennarar.	Skólaárið 2019-2020	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
Lýðræði og jafnrétti	Val þyrfti að vera fjölbreyttara fyrir nemendur og tengja betur við atvinnulífið.	Huga þarf betur að því að námsefni sé fjölbreytt og við hæfi hvers og eins. Vegna fámennis er framboð á valgreinum ekki eins mikið og æskilegt væri. Fjölga þarf hópverkefnum á miðstigi til að þjálfa nemendur í hópstarfi. Kenna þeim að vinna hópverkefni og skila þeim. Nýta mannauðinn í samfélaginu. Athuga að fá fólk af öðru þjóðerni til að til að kynna mat og matarhefðir síns heimalands.	Skólastjórnendur.	Skólaárið 2019-2020	
Mannréttindi og sjálfbærni	Nemendur eru ekki nógu ábyrgir gagnvart umhverfinu.	Nemendur þurfa að átta sig betur á því að þeir eru hluti af stærri heild og allir, þau líka, bera ábyrgð á umhverfinu og hvernig þeir skila því til komandi kynslóða.	Kennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Trúarbrögð	Á öllum skólastigum er trúarbragðafræðsla.	Það er mikilvægt að kenna nemendum frá upphafi skóla um mismunandi trúarbrögð.	Kennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Sköpun					
Að nemendur noti ímyndunarafli í tengslum við hreyfingu, tjáningu og takt	Nemendur eru óöruggir fyrir framan hvern annan.	Spurning hvort megi nota fleiri form af ímyndunarafli og óhefðbundnari en við erum vön. Mættum nota meira ímyndarafl í tengslum við hreyfingu, tjáningu og takt.	Kennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Að nemendur sýni frumleika í vinnslu verkefna	Nemendur velja oft auðveldu leiðina í verkefnavinnu í bóklegum fögum.	Hvetja þarf nemendur áfram til þess að fara út fyrir þægindarammann í verkefnaskilum.	Kennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Samhengi, þekking, leikni	Hætt er við því að leikir detti út eftir því sem nemendur eldast.	Vantar að nota leik á öllum skólastigum. Mættum þjálfa meira af gagnrýninni hugsun hjá nemendum. Mættum gera meira af því að samþætta námsgreinar.	Kennarar.	Skólaárið 2019-2020	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
Innsæi og tilfinningar	Við hvetjum nemendur til að treysta eigin tilfinningum og hugsa um hvaða afleiðingar röng ákvörðun getur haft.	Notum þetta til dæmis í stærðfræði að huga að hvort útkoman sé rétt. Lífsleikni er einnig góður vettvangur fyrir það að þjálfá innsæi og tilfinningar.	Kennarar.	Haust 2019	
Skapandi skólastarf Samhengi, þekking, leikni Að samþætta námsgreinar á öllum skólastigum	Vantar að nota leik á öllum skólastigum. Mættum þjálfá meira af gagnrýninni hugsun hjá nemendum. Mættum gera meira af því að samþætta námsgreinar.	Það þarf að hafa meiri sveigjanleika í stundaskrá og stofna teymi um skapandi skólastarf til að það verði markvisst. Skipuleggja þarf valið þannig að annirnar verði jafnari. Kennarar þurfa að fá aðstöðu og stuðning til að geta kynnt sér nýjungar og prófa sig áfram, um leið auka þeir fjölbreytileikann í kennslunni og koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Vantar betri aðstöðu fyrir myndmennt og náttúrufræði.	Skólastjórnendur og kennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Heilbrigði og velferð					
Lífsleikni, sjálfsmynd og tilfinningar	Erum ekki með nógu markvissa lífsleiknikennslu. Vantar líka meiri samfellu í lífsleikni. Því miður teljum við að margir nemendur séu með lélega sjálfsmynd/lélegt sjálfstraust. Margir nemendur hömlulausir og eiga erfitt með að hafa stjórn á tilfinningum sínum.	Þurfum að vera dugleg að vinna með lífsleikni og taka þar fyrir tilfinningar og sjálfsmynd. Bekkjurfundi þarf að halda reglulega og þjálfá nemendur í að segja skipulega frá og tjá sínar skoðanir og tilfinningar.	Umsjónarkennarar.	Skólaárið 2019-2020	

Markmið	Vandi	Leiðir	Umsjón	Tími/Staða	Framkvæmd /dagsetning
Seigla – þrautseigja og samskipti	Of margir nemendur eru ekki tilbúnir að leggja mikið á sig til að ná markmiðum. Margir vilja fara auðveldu leiðina í gegnum námið og gera aðeins það sem er nóg. Strákar virðast hafa minni þrautseigju en stelpur þegar kemur að námi.	Kenna þarf nemendum að setja sér markmið og fara eftir þeim. Gott að nota námsráðgjafa til að fara yfir námstækni með sumum nemendum. Hvetja þau til þolinmæði.	Umsjónarkennarar og námsráðgjafi.	Skólaárið 2019-2020	
Forvarnaráætlanir	Áætlun ekki til.	Nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir þær forvarnir sem eru í skólanum og búa til forvarnaráætlun.	Skólastjórnendur og skólahjúkrunarfræðingur.	Skólaárið 2019-2020	
Sambætting námsgreina	Lítill sem engin sambætting námsgreina.	Við skipulagningu stundatöflu var gert ráð fyrir samvinnu kennara og hvatt til aukinnar samvinnu og sambættingu námsgreina.	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar.	Skólaárið 2019-2020	
Samskipti starfsfólks og foreldra	Foreldrar svara ekki alltaf tölvupósti.	Hvetja foreldra til að svara og ef það gengur ekki þá að nota símann til að ná til foreldra.	Umsjónarkennarar.		
Áföll	Til er áfallaáætlun við skólann og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans.	Nauðsynlegt er að rifja upp áætlunina með starfsfólki.	Skólastjórnendur.	Skólaárið 2019-2020	